

Spennugjafi 160 mA með innbyggðum einangrara

pöntunar-nr. : 2120 00

Spennugjafi 320 mA með innbyggðum einangrara

pöntunar-nr. : 2122 00

Spennugjafi 640 mA með innbyggðum einangrara

pöntunar-nr. : 2130 00

Spennugjafi 1280 mA með innbyggðum einangrara

pöntunar-nr. : 2138 00

notkunnarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar




Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.

Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.


Hætta vegna raflosts. Við uppsetningu og frágang lagna skal fara eftir þeim reglum og stöðlum sem eiga við um smáspennustraumrásir (SELV).

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing



mynd 1: Sýn



mynd 2: Spennugjafi 1280 mA – yfirlit

- (1) Nettenging
- (2) Ljósdióðan **Betrieb**, græn
Kveikt: Venjuleg vinnsla
Blikkar: Yfirálag eða yfirspenna
Slökkt: Engin veituspenna eða innri villa
- (3) Ljósdióðan **Überlast**, rauð
Kveikt: Yfirálag eða skammhlaup á KNX-Bus-lögn eða Útgangur DC 30 V
- (4) Ljósdióðan **Überspannung**, gul
Kveikt: Yfirspenna á KNX-Bus-lögn eða Útgangur DC 30 V
- (5) Útgangur DC 30 V
- (6) Útgangur Bus fyrir KNX-Bus-lögn
- (7) Ljósdióðan **Reset**, rauð
Blikkar hratt 2,5 Hz: Endurstilling í 20 sekúndur
Blikkar hægt 0,25 Hz: Varanleg endurstilling
- (8) **Reset**-hnappur
Greiningartilkyrning staðfest: Ýtt á, < 0,5 sekúndur
KNX-Bus-lögn slökkva í 20 sekúndur: Haldið inni í 2 til 4 sekúndur
KNX-Bus-lögn slökkva varanlega: Haldið inni í meira en 4 sekúndur
Varanlegri endurstillingu lokið: Ýtt á hnapp
- (9) Boðsnerta fyrir greiningartilkyrningu
Lokuð: Venjuleg vinnsla
Opin: Eftir yfirálag, yfirspennu eða þegar rafmagnið fer af

3 Aðgerð

Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er vara úr KNX-kerfinu og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Rétt notkun

- Til að sjá KNX-tækjum fyrir Bus-spennu
- Til að sjá tækjum fyrir jafnspennu
- Uppsetning á hattbraut samkvæmt EN 60715 í deilistöð.

Eiginleikar tækis

- Útgangur með innbyggðum einangrara sem sér KNX-Bus-lögnum fyrir spennu
- DC 30 V útgangur sér öðrum tækjum fyrir spennu

- Skipta má málstraumi niður á útganga eftir þörfum
- Endurstillingarhnappur
- Með vörn gegn skammhlaupum
- Með vörn gegn yfirspennu
- Má nota í tómangangi
- Hentar til notkunar í kerfum með vararafstöðvum
- Spennulaus boðsnerta fyrir vinnslu- og greiningarupplýsingar
- Tveir eins spennugjafar sem hægt er að hliðtengja (í útfærslum 160, 320 og 640 mA)

4 Notkun

Greiningartilkygning staðfest

Þegar vart verður við yfirspennu eða skammhlaup tilkynna ljósdíóðan og boðasnertan um atvikið þar til tilkygningin er staðfest.

- Haldið hnappinum **Reset** inni í minna en 0,5 sekúndur.

Virgni ljósdíóðu og boðasnertu

	Ljósdíóða Betrieb (2), græn	Ljósdíóða Überlast (3), rauð	Ljósdíóða Überspannung (4), gul	Ljósdíóða Reset (7), rauð	Boðasnerta (9)
Venjuleg vinnsla	á	af	af	af	lokuð
Endurstilling í 20 sekúndur	á	af	af	blikkar 2,5 Hz	lokuð
Varanleg endurstilling	á	af	af	blikkar 0,25 Hz	lokuð
Yfirspenna	blikkar 0,5 Hz	af	á (þar til tilkygning er staðfest)	af	opin (þar til tilkygning er staðfest)
Yfirálag, skammhlaup	blikkar 0,5 Hz	á (þar til tilkygning er staðfest)	af	af	opin (þar til tilkygning er staðfest)
Engin spenna / innri villa	af	af	af	af	opin

Við venjulega notkun þarf ekki að stjórna spennugjafanum. Hnappur (8) er innfelldur til að koma í veg fyrir að ýtt sé á hann í ógáti.

Virgni endurstillingar og hnappsins **Reset**

Við endurstillingu á Bus-hluta er útgangsspenna spennugjafans tekin af. Um leið er Bus-lögninni skammhleypt þannig að Bus-spenna sé tekin af öllum tengdum Bus-tækjum.

Bus-lögn endurstillt í 20 sekúndur

- Haldið hnappinum **Reset** (8) inni í 2 til 4 sekúndur.

Bus-lögninni er skammhleypt í 20 sekúndur.

Ljósdíóðan **Reset** (7) blikkar hratt.

Að 20 sekúndum liðnum er Bus-spennan sett aftur á og það slokknar á ljósdíóðunni **Reset**.

Bus-lögn endurstillt varanlega

- Haldið hnappinum **Reset** (8) inni í meira en 4 sekúndur.

Bus-lögninni er skammhleyppt.

Ljósdióðan **Reset** (7) blikkar hægt.

Varanlegri endurstillingu lokið

Skilyrði: Bus-lögnin hefur verið endurstíllt varanlega, ljósdióðan **Reset** (7) blikkar hægt.

- Ýtið á hnappinn **Reset** (8).
Bus-spennan er sett aftur á og það slokknar á ljósdióðunni **Reset**.

5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja



HÆTTA!

Lífshætta vegna raflosts.

Takið tækið úr sambandi við rafmagn. Breiðið yfir spennuleiðandi hluti.

5.1 Uppsetning og tenging við rafmagn



HÆTTA!

Raflost við snertingu á hlutum með straumi á.

Raflost getur verið banvænt.


Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

Uppsetning tækisins


Gæta verður að hitasviði. Sjáið til þess að kæling sé nægileg.

- Koma skal tækinu fyrir á hattbraut. Tengiklemmurnar fyrir tengingu við veitukerfi rafmagns (1) verða að liggja ofan á.

Tækið tengt við veituspennu og Bus



mynd 3: Dæmi um tengingu – veituspenna og Bus-lögn



mynd 4: Þversnið leiðara sem hægt er að klemma

- Tengjið veituspennu við klemmur **L** og **N** (1).
- Tengjið varnarleiðara **PE** við klemmu \perp .
- Tengjið KNX-Bus-lögn við útgang **Bus** (6).
- Setjið lokið á til að vernda Bus-tenginguna fyrir hættulegri spennu á tengisvæðinu.
- i** Skipta má heildarálagi útganga niður eftir þörfum. Ekki má fara yfir heildarmálstraum.
- i** Ekki má tengja aðrar vörur við Bus-útganginn. Það getur haft áhrif á samskipti á Bus.
- i** Ef þörf krefur er hægt að hliðtengja eins spennugjafa fyrir tæki í útfærslum 160, 320 og 640 mA.


Boðsnerta fyrir greiningu tengd

Spennugjafinn sendir boð um rafmagnsleysi, yfirspennu, yfirálag og skammhlaup með spennulausri snertu (9). Vöktunarbúnaður getur fylgst með rofstöðu og sent upplýsingarnar áfram til greiningar.

- i** Boðaútgangurinn er eingöngu ætlaður fyrir merkjagjöf og ekki má nota hann sem álagsútgang.


Vöktunarbúnaðurinn getur verið boðaljós, boðarafliði eða t.d. KNX-tvíundainngangur sem er tengdur við aðra KNX-Bus-lögn.

- Tengid boðabúnaðinn samkvæmt tengingardæmi (mynd 5).



mynd 5: Notkunardæmi – boðaljós sem sýnir vinnslustöðu

- Tengid KNX-tvíundainngang samkvæmt tengingardæmi (mynd 6).



mynd 6: Notkunardæmi – KNX-tvíundainngangur á aðallögn fyrir öflun og miðlæga miðlun greiningarupplýsinga

- i** Gætið að réttum frágangi lagna! Ganga skal þannig frá lögnum fyrir boðsnertuna að ekki myndist lykkjur. Lykkjur geta leitt til rafsegultruflana við vinnslu.

Notkun með vararafstöðvum

Nota má spennugjafann með vararafstöðvum með miðlægri aðveitu. Í neyðartilvikum er þannig hægt að tryggja að KNX-kerfið virki rétt og að hægt sé að nota mikilvægustu aðgerðir.

- i** Ákvæði laga og staðla varðandi vararafstöðvar og neyðarlýsingarkerfi eru mismunandi eftir löndum. Notandi/hönnunaraðili skal ávallt ganga úr skugga um að viðeigandi ákvæði séu uppfyllt.

Lengd lagna

Fylgja skal eftirfarandi reglum fyrir KNX-línuhluta og spennugjafa:

- Lengd Bus-lagnar á hvern línuhluta: há. 1000 m
- Lengd Bus-lagnar milli spennugjafa og KNX-Bus-raftækja: há. 350 m
- Lengd Bus-lagnar milli tveggja KNX-Bus-raftækja: há. 700 m

6 Tæknilýsing

Málspenna	AC 220 ... 240 V ~
Tækið er starfhæft á sviðinu 180 V AC ... 264 V AC.	
Raftíðni	50 / 60 Hz
Orkutap (hámarksálag á öllum útgöngum)	
hluta-nr. 2120 00	há. 1,5 W
hluta-nr. 2122 00	há. 1,8 W
hluta-nr. 2130 00	há. 2,9 W
hluta-nr. 2138 00	há. 6,4 W
Nýtni	
hluta-nr. 2120 00	um 76 %
hluta-nr. 2122 00	um 84 %
hluta-nr. 2130 00	um 87 %
hluta-nr. 2138 00	um 86 %
Málspenna DC	DC 240 ... 250 V
KNX	
KNX-miðill	TP256
Bus-úttaksspenna	DC 28 ... 31 V SELV
Útgangsstraumur	
hluta-nr. 2120 00	160 mA (Allir útgangar)
hluta-nr. 2122 00	320 mA (Allir útgangar)
hluta-nr. 2130 00	640 mA (Allir útgangar)
hluta-nr. 2138 00	1280 mA (Allir útgangar)
Skammhlaupsstraumur	
hluta-nr. 2120 00	há. 1 A
hluta-nr. 2122 00	há. 1 A
hluta-nr. 2130 00	há. 1,5 A
hluta-nr. 2138 00	há. 3 A
Tegund tengingar Bus	Tengiklemma
Hliðtengd vinnsla með eins spennugjafa	
hluta-nr. 2120 00	Já
hluta-nr. 2122 00	Já
hluta-nr. 2130 00	Já
hluta-nr. 2138 00	Nei
Útgangur DC 30 V	
Úttaksspenna	DC 30 V

Boðaútgangur	
Skiptispenna AC	AC 12 ... 230 V ~
Rofspenna DC	DC 2 ... 30 V
Skiptistraumur	5 mA ... 2 A
Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-25 ... +70 °C
Hlutfallslegur loftraki	hám. 93 % (engin dögg)
Ísetningarbreidd	
hluta-nr. 2120 00	72 mm / 4 TE
hluta-nr. 2122 00	72 mm / 4 TE
hluta-nr. 2130 00	72 mm / 4 TE
hluta-nr. 2138 00	108 mm / 6 TE
Tegund tengingar	Tengiklemma
fínþráða með endahlíf	0,5 ... 2,5 mm ²

7 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/ uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de